

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/897
komudagur 3.2.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

JRP/AA

Rvk. 31.01.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfssemi, 377. mál, EES-reglur gjaldþol.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfssemi. Markmið frumvarpsins er að lögfesta nýlegar breytingar á eldri tilskipunum ESB um gjaldþol váttryggingafélaga og er þar sérstaklega vitnað til tilskipunar 2002/12/EB um gjaldþol líftryggingafélaga og tilskipunar 2002/13/EB um gjaldþol skaðatryggingafélaga.

Framangreindar tilskipanir eru alveg nýjar af nálinni, þær eru frá árinu 2002, eins og númer tilskipananna sýnir. Tilskipanirnar gera ráð fyrir því að ákvæði þeirra komi til framkvæmda frá 1. janúar 2004. Þess vegna vekur það nokkra athygli að ætlun stjórnvalda er að lögfesta ákvæði þessara tilskipanna strax á þessu þingi.

Það er eðlileg krafa að sá frestur sem ákveðinn er í tilskipunum verði notaður hér á landi, þannig að váttryggingafélög fái nauðsynlegt ráðrúm til að aðlaga fjárhag sinn að nýjum og hertum kröfum um gjaldþol.

Virðingafyllst,

Jón R. Pálsson